



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2025
USK25100005

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skýrsluna „Capacity Analysis of Höfðabakki“

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. október 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins, sbr. 12. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 1. október 2025.

Óskað er eftir skýringum á því af hverju skýrslan „Capacity Analysis of Höfðabakki“ var ekki kynnt fulltrúum í umhverfis- og skipulagsráði áður en ákvörðun var tekin um þrengingu gatnamóta Höfðabakka og Bæjarháls, 26. mars 2025. Skýrslunni var skilað í desember 2024 og ljóst er að hún er lykilgagn varðandi mat á líklegum áhrifum breytinga á umræddum gatnamótum. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hverjir eru höfundar skýrslunnar og hver kostnaður Reykjavíkurborgar var vegna hennar. Þá er spurt um hvort það sé í samræmi við málstefnu Reykjavíkurborgar að hafa skýrsluna einungis á ensku

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 8. október 2025.

Umsögn:

Greinargerðin sem vísað er til er hluti af vinnuskjöllum sem urðu til við undirbúning endurnýjunar á umferðarljósum á gatnamótum Höfðabakka við Bæjarháls og við Bíldshöfða. Skjalið var fyrst kynnt umhverfis- og skipulagsráði þann 3. september síðastliðinn sem ítagagn með svari við fyrirspurn og umsögn um tillögu á fundi ráðsins.

Verkfræðistofan Cowi vann greinargerðina sem vísað er til. Þau voru fengin til að meta áhrif mismunandi breytinga á tvennum gatnamótum Höfðabakka, við Bíldshöfða og við Bæjarháls, í tengslum við endurnýjun umferðarljósa á Höfðabakka. Heildarkostnaður við vinnu Cowi vegna þessara tveggja gatnamóta og þar vegna greinargerðarinnar eru 2.515.500 kr án vsk (vsk af sérfræðivinnu fæst endurgreiddur). Þar sem eingöngu var um vinnugagn að ræða þá var ekki gerð athugasemd við að það væri á ensku. Vinnugögn af þessu tagi fylgja almennt ekki tillögum sem lögð eru fyrir ráðið. Greinargerðin lýsir ekki þeirri endanlegu tillögu sem nú hefur verið framkvæmd, heldur inniheldur hún samanburð á nokkrum valkostum til að bera saman áhrif mismunandi breytinga á gatnamótunum á flæði umferðar, umferðarrýmd og raðamyndun. Sú útfærsla sem samþykkt var af umhverfis- og skipulagsráði 26. mars síðastliðinn og nú hefur verið gerð, er í grunninn blanda tveggja þeirra, valkosta f og g, en er þó ekki alveg eins og þær.

Ekki var unnin sérstök afkastagreining á endanlegu tillögunni sem samþykkt var, en þær upplýsingar sem þegar lágu fyrir í fyrri greiningu voru taldar nægjanlegar til mótunar



Reykjavík



tillögunnar. Jafnframt skal tekið fram að fleiri þættir en afköst, svo sem aðgengi, og umferðaröryggi, lágu að baki tillögu um endanlega útfærslu.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Skrifstofa samgangna- og borgarhönnunar